

- 51** 19. júní Úrskurði skattanefndar má skjóta til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar, eftir sömu reglum og gilda um áfrýjun útsvara, hvort heldur er sérstökum eða ásamt kærú yfir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefnd hefir lagt á arð af þessum viðskiptum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

- 52** 19. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 55 1928 bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Á svæðinu frá Hjörleifshöfða vestur um til Látrabjargs skulu veiðar með dragnótum leyfðar í landhelgi frá 15. júní til 30. nóvember ár hvert. Á Breiða-firði og Faxaflóa skal slík veiði þó aðeins heimil skipum, sem skrásett eru innan lögsagnarumdæma, er að þeim liggja, öðrumhvorum eða báðum.

2. gr.

Ákvæði 8. gr. laganna falla niður að því er snertir það svæði, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1934.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.